

Öllum þessum reikningum skal haga eftir fyrirmælum landlæknis.

132

Að reikningunum úrskurðuðum sendir landlæknir héraðslækni fjárhæðirnar, 31. des.
en héraðslæknir greiðir sóttthreinsunarmönnum og öðrum, sem í hlut eiga.

VI. KAFLI

Almenn kostnaðarákvæði. Brot og viðurlög við brotum.

34. gr.

Almenn kostnaðarákvæði.

Kostnaður við opinberar sóttvarnarráðstafanir samkvæmt reglum þessum greiðist úr rikissjóði á þann hátt og með þeim undantekningum, sem nánar er tekið fram í einstökum greinum hér að framan, sbr. 6. gr., 9. gr., 10. gr., 12. gr., 13. gr. (tölulíðir 1, 2, 6 og 8), 24. gr., 25. gr., 31. gr. og 32. gr.

35. gr.

Brot og viðurlög við brotum.

Um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar og viðurlög við þeim fer eftir 17. gr. laga nr. 66, 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 31. desember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

REIKNINGUR

133

Æfinlegrar erfingjarentu Sigríðar Melsteð 1932.

Tekjur:

Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 479.69
Vextir	— 26.92
Afgjald af Hlíð í Grafningi	— 250.00
	Kr. 756.61

133

Gjöld:

Styrkur veittur	kr. 100.00
Óinnheimt afgjald af Hlíð í Grafningi	— 134.00
Innstæða í Söfnunarsjóði	— 522.61
	Kr. 756.61

Reykjavík, 6. febrúar 1934.

*Páll B. Melsted.**Eggert Briem.*

134

REIKNINGUR

Æfinlegrar erfingjarentu Sigríðar Melsteð 1933.

Tekjur:

Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 522.61
Óinnheimt afgjald af Hlíð í Grafningi	— 134.00
Vextir	— 30.39
Afgjald af Hlíð í Grafningi	— 250.00
	Kr. 937.00

Gjöld:

Styrkur veittur	kr. 230.00
Óinnheimt afgjald af Hlíð í Grafningi 1932	— 134.00
Innstæða í Söfnunarsjóði	— 573.00
	Kr. 937.00

Eignir sjóðsins:

Jörðin Hlíð í Grafningi	kr. 8000.00
Ógreitt af eftirgjaldi	— 134.00
Innstæða í Söfnunarsjóði	— 573.00
	Samtals kr. 8707.00

Reykjavík, 6. febrúar 1934.

*Páll B. Melsted.**Eggert Briem.*